

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlög sýna jafnan betur en flest annað, hvað er að gerast á því stóra búi, sem þjóðin öll rekur sameiginlega. Ekki er þó þar með sagt, að búskapur ríkisins þróist á sama máta og bú eða heimilishald hinna almennu heimila landsmanna.

Á heildarupphæð fjárlaganna má jafnan sjá, hvað ríkisstjórnin telur sér nauðsyn hverju sinni að hafa árlegar tekjur ríkissjóðs miklar til að mæta útgjaldaþörf hans.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók völd við upphaf þessa kjörtímabils, kom hún á nýju efnahagskerfi, „Viðreisninni“ svonefndu, og fjárlög þau, sem nú er verið að setja, eru 4. „Viðreisnarfjárlögin“. Kerfið verður því að teljast fullmótað og fjárlagaþróunin að sýna, hvert stefnir.

Ef gerður er samanburður á hinum síðustu fjárlögum fyrir „Viðreisn“ (fjárlögum ársins 1959) og fjárlögum hins nýja kerfis, sést eftirfarandi:

Fjárlög 1959 heildarupphæð		1033 millj. kr.		
— 1960	—	1501	—	—
— 1961	—	1588	—	—
— 1962	—	1752	—	—
— 1963	—	væntanl. 2200	—	— eða sem því næst.

Hér hefur verið unnið afrek, sem verðskuldar, að því sé gaumur gefinn. Fjárlögin hafa á einu kjörtímabili meira en tvöfaldast, þau hafa hækkað um svo sem 112%, sem vafalaust er Íslandsmet og raunar umtalsvert afrek á heimsmælikvarða.

Þegar þess er gætt, að nær allar tekjur ríkissjóðs eru teknar af þegnum landsins annaðhvort sem skattar eða einhvers konar álag á vöruverð, er það augljóst, að hin síaukna útgjaldaþyrði fólksins í landinu hlýtur að kalla á hækkaðar kaupgreiðslur.

Þegar „Viðreisninni“ var komið á, gerði ríkisstjórnin meðal annars þá grein fyrir nauðsyn hennar, að nú ætti að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, og það tókst fyrstu 2 árin, að því leyti, að þá hækkaði aðeins verðlagið, en kaupmið var óbreytt.

Síðan hefur kaup að vísu þokazt til hækkunar, en hvergi nærri í samræmi við hinn almenna vöxt dýrtíðarinnar og allra sízt þó í samræmi við fjárlagahækkunina.

Til samanburðar við gróskuna í tekjuöflun ríkissjóðs er svo vert að líta á það, hvaða þróun hefur á sama tíma og fjárlög hækkuðu um 112% átt sér stað um tekjuöflun almennra verkamanna, en sá samanburður á raunar að mestu við um tekjuöflun flestra þeirra manna í landinu, sem lífsframsæri hafa af kaupmið fyrir störf sín.

Með því að fjárlög eru oftast sett í desembermánuði næst á undan því ári, sem þau gilda fyrir, skal hér sýnt tímakaup Dagsbrúnar-verkamanns í almennri vinnu í þeim mánuði á sama árabili og ívitnuð fjárlög hafa verið sett.

Í des. 1958 var tímakaup	kr.	23.86
— — 1959	—	20.67
— — 1960	—	20.67
— — 1961	—	22.74
— — 1962	—	24.80

Af þessu má glögg sjá, að á sama tímabili og ríkisstjórn Íslands telur sig þurfa 112% tekjuhækkun til að halda búskap ríkisins gangandi, hafa kaupgreiðslur aðeins hækkað um 4%. — Þetta er árangur „Viðreisnarinnar“. Stjórnin telur þetta góðan árangur, og hún telur sjálfsgagt, að ríkisvaldinu sé með oddi og egg beitt til að hamla gegn kaupbreytingum þess fólks, sem aðeins hefur breytt kaupmiðinu um 4%, og

raunar hefur stjórnin gengið fram fyrir skjöldu með laga- og bráðabirgðalagasetningu og beitingu vissrar tegundar af dómssvaldi til að lækka kaupgreiðslur. Það er því augljóst, að fjármálastjórn landsins ætlar íslenskum alþýðheimilum annan og lakari hlut en hún telur sjálfri sér nauðsynlegan.

Af því er varðar tekjur ríkisins er hér þó aðeins miðað við fjárlagatölur, þ. e. áætlunartölur stjórnarinnar sjálftrar gerðar ár fram í tímann. Raunin hefur þó jafnan orðið sú, að meira hefur verið innheimt en áætlað var, þótt stundum hafi til þess verið beitt hinum harkalegustu aðferðum, eins og t. d. gengisfellingunni í ágúst-byrjun 1961. Vitað er nú, að þótt fjárlög yfirstandandi árs ráðgeri aðeins að láta þegnana leggja ríkissjóði til 1752 millj. kr., þá verða þeir engu að síður látnir borga ríkissjóði 2000 milljónir og væntanlega þó einhverjum milljónatugum betur, og flest bendir til, að þótt þau fjárlög, sem nú verða sett, hljóði máské ekki upp á meira en eitthvað í kringum 2200 millj. kr., þá taki ríkissjóður þó hærri fjárhæðir til sín í raunveruleikanum.

Menn skyldu nú ætla, að samfara þeirri þenslu fjárlaganna, sem nú hefur orðið og ekki á sér dæmi með þessari þjóð, hefðu framkvæmdir á vegum ríkissjóðs getað stórvaxið. En því miður er ekki því að heilsa. Framlög ríkissjóðs til framkvæmda hafa yfirleitt ekki fylgt hækkingu dýrtíðarinnar og því dregizt saman, og enn þá síður hafa framkvæmdaliðirnir haldið hlutfalli sínu á fjárlögum.

Í þessu nefndaráliti er auðvitað ekki unnt að rekja þróun allra framkvæmdaliða til samanburðar við dýrtíðarvöxt og fjárlagahækkunir, en dæmi skal þó tekið.

Vegamálastofan reiknar árlega út visitölu brúargerðarkostnaðar og miðar við 100 árið 1949. Hreyfing þeirrar visitölu hefur verið þannig á undanförunum árum:

1958	brúargerðarkostnaður	280
1959	—	282
1960	—	347
1961	—	396
1962	—	443

Hér skal því sýnt, hvert brúargerðarframlagið hefði orðið, ef það hefði:

- haldizt í hendur við vöxt dýrtíðarinnar,
- fylgt almennri fjárlagahækkun og
- hvað það hefur verið í fjárlögum eða er nú í fjárlagafrumvarpi.

Miðað er við árið 1959 og síðan rakin þróun „Viðreisnaráranna“, allt í millj. króna:

	(a) Brúarfé þurfti miðað við verð- lag fyrra árs að nema	(b) Brúafé sem óskertur hluti fjárlagaupphæðar	(c) Brúafé á fjárlögum (og frv. '63)
1960	10.1	14.6	11.3
1961	12.3	15.4	11.3
1962	14.1	16.9	11.3
1963	15.8	21.6	11.3

Fé til brúargerðar hefur sem sagt ekkert verið hækkað öll „Viðreisnarárin“, utan hvað það var í fyrstu „Viðreisnarfjárlögum“ hækkað úr 10 millj. kr. í 11.3, og þar við situr enn, þótt blákaldur veruleikinn segi, að nú þurfi 15.8 millj. kr. til að vinna sama verkið, sem á fyrstu dögum þessarar ríkisstjórnar kostaði 10.1 millj. kr.

Þótt hér sé aðeins rakið dæmið um brýrnar, þá er það ekki frábrugðið öðrum þáttum framkvæmda ríkissjóðs í neinum aðalatriðum.

Það verður því ekki sagt, að það sé að tilefnislausu, að ríkisstjórnin vaknar

nú dálitið harkalega upp við það með væntanlegar vorkosningar í huga, að hlutur ríkissjóðs í hinum almennustu og nauðsynlegustu framkvæmdum í landinu er harla smár. En þrátt fyrir ofboðslega tekjuöflun ríkissjóðs reyndust fjárráðin til að bæta um fyrir langa vanrækslu engin vera heima fyrir, svo að nú hefur verið tekið 240 millj. kr. lán í Bretlandi, og er því af ríkisstjórnarinnar hálfu lýst yfir, að það fé eigi að nota til almennra framkvæmda í landinu, svo sem í veg- og hafnagerðir o. fl. Það er sem sagt með erlendum lántökum, sem nú á fyrir kosningarnar að bæta fyrir vanrækslusyndir kjörtímabilsins.

Erlenda lánið er þegar tekið, og hefði því verið eðlilegt, að fjárveitinganefnd hefði fengið til meðferðar áætlanir ríkisstjórnarinnar um skiptingu þess, áður en til fjárlagaafgreiðslu kom. En fyrirspurnum Alþýðubandalagsins í fjárveitinganefnd varðandi fyrirhugaða lánskiptingu hefur verið svarað þannig, að enn væri engin tillaga til skiptingar tilbúin af ríkisstjórnarinnar hálfu.

Sú óskammfeilni ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi, að hækka tekjuáætlun ríkisins um 112% á einu kjörtímabili er, eins og áður er sagt, alveg einstök á sínu sviði. Þó er dugnaðurinn í eyðsluseminni enn stórkostlegri, því að auk fjárlagaupphæðarinnar þykir nú einnig þurfa að fá erlend lán í hundruðum milljóna króna til að sletta sem lánunum og ofan á almennar framkvæmdir. Að því er varðar sumar þær framkvæmdir, sem lánsféð á að renna til, þá er ríkið sjálft aðilinn, sem bera á byggingarkostnaðinn, ýmist að öllu leyti eða nokkru. Þannig er þessu t. d. varið um vegagerð og hafnarmannvirki.

En fyrst ríkið á sjálft að borga lánið að meira eða minna leyti, þá hlýtur að vakna þessi spurning: Er fremur hægt að borga upp vegagerðarlán en að auka framlag ríkissjóðs til samgöngumannvirkja?

Þegar leitað er svars við þessu, hlýtur sá grunur að læðast að mönnum, að greiðsla lántökunnar sé fyrirhuguð með einhverju því fjármagni, sem ekki þykir vert að sýna á fjárlögum. Að fjárlögum settum og að þögnuðum ræðuhöldum stjórnarliða um það, að fjárlög séu án nýrra skatta, gætu komið ráðstafanir til þess að fá inn nýjar tekjur til greiðslu lána vegna vegagerða o. fl.

Fjárlagafrumvarpið, eins og það var lagt fram, er upp á 2126 millj. kr. Fjárveitinganefnd gerir í heild tillögur um hækkun þess um nál. 70 millj. kr. Vert er að taka fram varðandi tillögur nefndarinnar allrar, að Alþýðubandalagið styður þær flestar, en er þó óbundið um afstöðu til einstakra tillagna.

Samstarf í fjárveitinganefndinni hefur verið gott og alger samstaða um afgreiðslu margra erinda, þótt mikið beri á milli um skoðanir 1. minni hluta og stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í nefndinni um fjármálastjórn landsins og þar með afgreiðslu fjárlaga í meginráttum.

Þessu nefndaráliti fylgja 38 tillögur til breytinga á fjárlagafrumvarpinu. Eru sumar þeirra fluttar til sparnaðar á liðum, er ýmist verða að teljast óhóflega háir eða óþarfir, en flestar eru til hækkunar á framkvæmdaliðum eða um nýja framkvæmdaliði, einnig um fjárframlög til stuðnings samtökum, er þess teljast verðug.

Í heild mun láta nærri, að hækkunartillögur þessar nemi 60.2 millj. kr.
En lækkunartillögurnar nema um 8.2 — —

Mismunur til hækkunar er því 52.0 millj. kr.

Hér verða að þessu sinni ekki gerðar tillögur um tekjuhækkanir til að jafna þennan mismun. En það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að slík hækkun á tekjuáætlun rúmist vel í fjárlögum án breytinga á tekjustofnum, og munum við standa að tillögum, er í þá átt fara, við 3. umræðu fjárlaganna, að því leyti sem samþykkt tillagna okkar við 2. umræðu kann að gefa tilefni til, enda eru það ekki okkar áform að afgreiða fjárlög með halla.

Varðandi þær tillögur, sem þessu nefndaráliti fylgja, skal þetta sérstaklega tekið fram:

Breytingartillögur við 10. gr.

Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins heitir kontór einn, sem um langt skeið hefur kostað ríkissjóð yfir hálf milljón króna árlega og nokkru meira en sum ráðuneyti stjórnarráðsins. Svo vafasöm sem öll starfsemi deildar þessarar er og landsmönnum gagnslaus, gæti það vart talizt goðgá, þótt Alþingi legði fyrir ráðuneyti þessa kontórs að stilla kostnaði hans betur í hóf en gert hefur verið til þessa, og er hér því fram borin tillaga um að lækka framlag stofnunar þessarar um helming.

Það er ráðagerð ríkisstjórnarinnar, líklega jafngömum henni, að leggja eigi niður sendiráð Íslands í höfuðborgum Norðurlanda, nema eitt, er verði sendiráð landsins í öllum löndunum. Þetta er og gömul tillaga okkar Alþýðubandalagsmanna, sem talin hefur verið góð af stjórnarsinum, en til þessa ekki þótt nægilega undirbúin til að koma til framkvæmda. Hún er hér flutt að nýju. Sendiráði Íslands á Norðurlöndum er ætluð hálf þriðja millj. kr. til starfsemi sinnar, sem er nokkru hærri fjárhæð en hvert hinna einstöku sendiráða á þessum slóðum hefur nú, en framlög til þeirra felld niður. Það er jafnframt skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að ekki eigi að koma til mála að láta nokkurt íslenskt sendiráð fá hærri fjárveitingu en 2.5 millj. kr. að hámarki. Það, sem þar er fram yfir, verður hreinlega að skoða sem bruðl og óhóf. Sendiráð Íslands í París er með fast að 3 millj. kr. fjárveitingu í fjárlfrv. og biður um meira fé og hefur fengið nokkrar undirtektir um það mál. Þótt sendiráð þetta sé — auk venjulegra sendiráðsstarfa — einhver milligönguaðili ríkisstjórnarinnar og NATO, þá verður ekki að heldur séð réttlætning þess að veita því svo gegndarlaus fé sem gert er, og er hér lagt til, að það fái 2.5 millj. kr. og ekki þar umfram.

Það er geigvænlega há upphæð, sem greidd er sendimönnum stjórnarráðsins til utanlandsferða. Á þrem fjárlagaliðum 10. gr. fjárlagafrumvarpsins er stráð á stall ferðamanna ráðuneytanna sem hér segir:

Kostn. við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðun.	679 þús. kr.
Kostn. vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðun.	.. 1426 — —
Kostn. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðun.	1697 — —

Allt þetta er hér lagt til að verði lækkað um þriðjung, og verður að teljast, að ekki sé sambandi okkar við umheiminn stefnt svo mjög í voða, þótt framkvæmdur verði sparnaður sá, sem hér er áformaður.

Alls eru gerðar tillögur, er spara mundu 4.6 millj. kr. á 10. gr.

Breytingartillögur við 11. gr.

Það er með ódæmum, hve miklu fé íslenska ríkið eyðir árlega til þess að halda uppi lögregluþjónustu innan girðingar á Keflavíkurflugvelli, þessu landsvæði, sem í öllu stjórnkerfi okkar er nánast flokkað undir útlönd og utanríkisráðuneytið látið fara með mál þess. Ríkislögreglan þar á samkvæmt fjárlagafrv. að kosta 4565 þús. kr. á næsta ári, en það er næstum fimmfaldur ríkislögreglukostnaður alls landsins utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Hér er gerð tillaga um að lækka þennan kostnað niður í 2 millj. kr. og verður að teljast ærinn fyrir því.

Í fjárlagafrv. er 1050 þús. kr. ætlaðar til rekstrarstyrks fyrir Reykjavíkurbæ til að halda uppi skuldafangelsi að Kviabryggju. Þennan styrk er lagt til að fella niður, enda er ríkinu mál þetta óviðkomandi, nema hvað eðlilegt væri, að dómsmálastjórnin gerði ráðstafanir til að láta rétta aðila skera úr því, hvort rekstur þessa skuldafangelsis samrýmist því réttarhari, sem hér á að ríka.

Breytingartillögur við 12. gr.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur sá, sem ríkinu ber lögum samkvæmt að greiða miðað við legudaga á sjúkrahúsum þeim, sem bæjar- eða sveitarfélög reka, verði

að þessu sinni greiddur með 50% álagi til að koma nokkuð til móts við þann rekstrarhalla, sem almennt er á slíkum sjúkrahúsum. Áætlunarupphæðin, sem til þessa er ætluð, er því hækkuð um 50%, úr 5 millj. kr. í 7.5 millj. kr.

Ríkissjóður dregur á eftir sér langan skuldahala að því er varðar lögboðin framlög ríkisins til sjúkrahúsabygginga. Auk þess er í samræmi við skuldasöfnun ríkissjóðs á þessu sviði hamlað óeðlilega gegn því af ríkisins hálfu, að hafin sé bygging sjúkrahúsa víðs vegar um landið, þar sem hennar er full þörf. Hér er gerð tillaga um að hækka ríkisframlagið til sjúkrahúsbygginga úr 7 í 10 millj. kr., og mun þar sízt farið fram úr þörfum.

Breytingartillögur við 13. gr.

Hér eru gerðar tillögur um að tvöfalda vega- og brúafraðlög frá því, sem þau voru 1959. Að því er vegagerðina varðar eru þó dregnar frá tvöfölduninni 5.4 millj. kr., sem fjárveitinganefnd leggur til að veittar verði til samgöngubóta á landi, en sá fjárlagaliður var ekki til 1959. Þegar heildarfjárlagaupphæð hækkar um 112%, ætti ekki að vera of djúpt í ár tekið, þótt gerð sé tillaga um 100% hækkun eftir-talinna liða eins og hér er gert:

Til nýrra akvega.

Til endurbyggingar gamalla þjóðvega.

Til brúargerða.

Til endurbyggingar gamalla brúa.

Til fjallvega.

En um framlag til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum er gerð tillaga, sem ekki er byggð á sama grundvelli og aðrar tillögur við A-lið 13. gr., enda hefur um langt skeið verið í fjárlögum 100 þús. kr. framlag til þessara þarfa, en þó aðeins 95 þús. hin síðustu ár. Þetta er auðvitað alveg óraunhæf upphæð, og væri alveg eins gott að fella hana burt af fjárlögum og að hafa hana þar óbreytta, eins og verðgildi krónunnar er nú orðið. Hér er því gerð tillaga um að hækka þessa fjárveitingu í 2 millj. kr., og væri þá von til, að hún gæti komið að einhverju gagni sem styrkur, en það gerir hún ekki eins og hún nú er.

Varðandi hafnargerðir er hér einnig gerð tillaga um tvöföldun hafnargerðar-fjár frá 1959, og eiga þar við hin sömu rök og um vegi og brýr, þó að því viðbættu, að hér er — auk ríkispáttöku í árlegum framkvæmdum — um framlagsskuldur að ræða, er nema nokkrum milljónatugum, sem einnig þurfa að borgast upp.

Breytingartillögur við 14. gr.

Hér eru fluttar 5 tillögur við menntamálagrein fjárlaganna og allar sama eðlis: til hækkunar á styrkjum ríkisins til byggingarframkvæmda, þar sem ríkið sinnir skyldu sinni á ófullnægjandi hátt.

Í fyrsta lagi er hér lagt til, að framlög til skólabygginga fyrir bæði barna- og gagnfræðastig séu aukin verulega. Það er staðreynd, sem hver maður sér, að auk allra þeirra þarfa, sem ör fólksfjöldun kallar á, þá eru flest okkar skólamannvirki frá fyrsta fjórðungi þessarar aldar nú ýmist stórlega úrelt eða hreinlega ónýtt, enda af vanefnum gerð í upphafi. Lög binda það hins vegar, að enginn bær eða hreppur getur hafizt handa um skólabyggingu, hversu sem fjárhag hans annars er varið, nema til komi framlag ríkisins í skólamannvirki hans. Hið naumt skammtaða ríkisframlag til skólabygginga er því í rauninni hemill á, að skólakerfi landsins geti starfað með eðlilegum hætti, þar sem þarfir kalla á nýjar skólabyggingar, en daufheyrzt er við umsóknum um þær, eins og nú er raunin á varðandi marga staði. Hér er lagt til, að skólabyggingaframlag barna- og gagnfræðaskóla verði hækkað um 11.2 millj. frá frumvarpinu, og virðist það vera lágmark þess, sem

sómasamlegt mætti teljast, svo að ekki þyrfti að neita neinum þeim um byrjunarleyfi, sem sannað hefur þörf sína og sinnt hefur sæmilega undirbúningi þessara mála.

Íþróttasjóður er einn þeirra aðila, sem langt hefur borið af leið skyldu sinnar, vegna þess að hann er vanmegnugur að standa undir þeim stórvaxna byggingarkostnaði íþróttamannvirkja, sem nú er staðreynd. Engin leið er sjáanleg til að grynna á hans skuldum nema með auknu ríkissjóðsframlagi. Hér er lagt til, að það verði hækkað í 5 millj. kr.

Bókasafnsbyggingar og byggðasöfn ætla ríkið að styrkja, en upphæðirnar, sem til þess eru ætlaðar, eru svo smávægilegar, að til bygginga sér þeirra vart nokkurn stað. Hér er lagt til, að tekið verði upp hálftrar millj. kr. framlag til styrktar byggingum fyrir hvorn þennan safnaflokk um sig, í stað þeirra 166 þúsunda, sem bókasöfnin hafa nú, og 100 þúsunda, sem frumvarpið ætla byggðasöfnunum.

Breytingartillögur við 16. gr.

Samkvæmt lögnum um framleiðsluráð landbúnaðarins er ríkið skylt til að taka ákveðinn þátt í kostnaði við byggingu mjólkurbúa. Lengi stóð í fjárlögnum 100 þús. kr. til þessara þarfa. Eftir að verðlagið reis til þeirrar hæðar, sem nú er orðið, varð þessi upphæð eins og dropi í hafinu. Nú hefur hún verið hækkuð nokkuð og er 500 þús. kr. í frumvarpinu. Það er hins vegar hvergi nærri nóg, og er hér lagt til, að hún hækki í 2 millj. kr.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga um, að komið verði upp kerfi í landi til að fylgjast með ferðum fiskiskipa. Reynslan sýnir, að þessa er fyllsta þörf, enda líklegt, að málið hafi fylgi þingsins. Hitt er augljóst mál, að þetta er ekki hægt að framkvæma kostnaðarlaust. Því er hér lagt til, að í þessar þarfir verði tekinn upp sérstakur fjárlagaliður á hálfri sjávarútvegsins og ætlaðar til hans 250 þús. kr. á byrjunarstigi, en reynslan yrði síðar að sýna, hvað þessi þjónusta kostaði.

Lengi hefur verið talað um, að byggja þyrfti fiskirannsóknaskip fyrir þá vísindastofnun, sem hér hefur fiskirannsóknir á hendi fyrir íslenska ríkið. Þótt nokkur tekjustofn hafi verið til þessara þarfa lagður, þá virðist ganga harla seint að koma þessu nauðsynjamáli fram, og er hér lagt til, að á fjárlögum verði 2 millj. kr. til þessa skips lagðar, og mætti samþykkt þeirrar tillögu skoðast sem sérstök áskorun Alþingis til þeirra, er fyrir þessu skipsbyggingarmáli ráða, um að láta ekki að þarflausu dragast framkvæmd þessa nauðsynjamáls.

Þá er lagt til, að tekin verði upp 100 þús. kr. fjárveiting til jarðborana eftir heitu vatni á Selfossi. Þar hafa verið framkvæmdar nokkrar boranir á vegum jarðhitasjóðs, þótt ekki hafi þær borið árangur til þessa. En nú munu framlög þess sjóðs þrotin, og virðist því verða að ætla borun þessari fé sérstaklega á fjárlögum.

Breytingartillögur við 17. gr.

Lagt er til, að inn á félagsmálagrein fjárlaganna verði tekinn nýr liður: Til skolpveitna eftir ráðstöfun félagsmálaráðuneytisins, 500 þús. kr. að upphæð. Liðurinn er ætlaður til að greiða fyrir þeim þorpum eða bæjum, sem eiga við sérstaka örðugleika að etja við að koma skolplögnum sínum í viðunandi horf, en það getur oft verið dýr og örðug framkvæmd, og dæmi eru þess, að í þessum efnum sé búið við óviðunandi og hættulegt ástand árum saman, þótt hugsanlegt sé að bæta úr máli, ef eitthvert fé væri tiltækt til að koma til móts við viðkomandi hrepp eða bæ. Ríkissjóður hefur áður tekið að sér að greiða fjárhagslega fyrir hliðstæðum lausnum sameiginlegra þarfa fólks í þorpum og bæjum, t. d. að því er varðar vatnsveitur. Hér er gerð tilraun til að hefja lausn vandamáls, sem ríkissjóður getur vart lengur látið eins og ekki væri til.

Alkunnugt er, hve byggingarsjóður verkamannabústaðanna er í alvarlegri fjár-

þörf til að sinna hlutverki sínu. Því er hér lagt til, að sá sjóður fái 3 millj. kr. aukaframlag, umfram áætlaða lagaskyldugreiðslu ríkissjóðs.

Félagsheimilassjóður, sem til þessa hefur ekki haft bein framlög á fjárlögum, er í mikilli greiðsluburrð, að því er varðar lögbundnar greiðslur til þeirra aðila, sem rétt eiga til þátttöku sjóðsins í byggingarkostnaði. Alþingi hefur skipað lögum varðandi skyldur sjóðsins. Þegar þær skyldur eru vaxnar greiðslugetu sjóðsins yfir höfuð, verður að telja eðlilegt, að löggjafinn komi honum til bjargar með framlagi á fjárlögum. Því er hér gerð tillaga um 2 millj. kr. framlag til félagsheimilassjóðs.

Alþýðusamband Íslands hefur nýlega verið skikkað til þess af dómstólum landsins að taka við stórum hópi nýrra meðlima. Það hefur auðvitað mikinn kostnað í för með sér, að því er varðar rekstur sambandsins, og væri því eðlilegt, að styrkur ASÍ yrði hækkaður verulega. Hér er gerð tillaga um 100 þús. kr. hækkun.

Verkalýðshreyfingin hefur um skeið haft í undirbúningi að reisa orlofsdvalarheimili. Á næsta ári mun verða hafizt handa um byggingarframkvæmdir. Allir munu viðurkenna, að með hinum óhæfilega langa vinnudegi, sem hér er almennt tíðkaður, er þörfin fyrir orlofshvild verkafólks sérstaklega mikil og aðkallandi. Hér er gerð tillaga um hækkun þessa styrks úr 475 þús. kr. í 1 millj. kr.

Blindrafélagið í Reykjavík hefur verið og er að reisa sér dvalar- og vinnuheimili af miklum myndarskap. En svo sem að líkum lætur, býr félagið við mjög takmörkuð fjárráð. Hér er lagt til, að byggingarstyrkur félagsins verði hækkaður um 100 þús. kr., og væri það jafnmikil hækkun og fjárveitinganefnd hefur gert tillögu um að Náttúrulækningafélagið fái á sínum byggingarstyrk.

Þá hafa Menningar- og friðarsamtök kvenna sótt um nokkurn styrk til starfsemi sinnar. Ekki virðast það óverðugri landssamtök en mörg þau, er nú njóta fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá ríkissjóði. Því er hér gerð tillaga um 30 þús. kr. styrk þeim til handa.

Breytingartillaga við 20. gr.

Lagt er til, að framlag til flugvallagerða verði hækkað úr 12 millj. 720 þús. kr. í 15 millj. kr. Án slíkrar hækkunar er mikill samdráttur fyrirsjáanlegur í flugvallagerðinni. Flugíð er yngsti þáttur samgangnauna, og í rauninni bíða þar svo mörg verkefni ófullgerð og eru svo lengi á döfinni, að alger vandræði verða að teljast. Ýmsir staðir, sem mjög eru upp á flugsamgöngur komnir, hafa gripið til þess ráðs að útvega sjálfir lánsfé og endurlána það flugmálastjórninni til flugvallagerða. Þannig hafa þegar myndast skuldir, sem mjög mundu skerða framkvæmdafé flugmálastjórnarinnar, ef innheimt verður á næsta ári. Þetta gerir þörfina fyrir aukið flugvallafé enn brýnni.

Breytingartillaga við 22. gr.

Í þinginu liggur um þessar mundir óafgreitt lagafrumvarp um að heimila ríkisstjórninni að taka 12 millj. kr. lán og endurlána það Vestmannaeyjabæ til vatnsveituframkvæmda. Er hugmyndin að leggja til Eyja vatnsleiðslu austan undan Eyjafjöllum. Þetta er hið mesta nauðsynjamál. Það er að öllu leyti þess eðlis, að það á hvergi fremur heima en í fjárlögum. Þess vegna er efni þess frumvarps hér upp tekið og lagt til, að það verði liður á 22. gr. fjárlaga.

Alþingi, 11. des. 1962.

Karl Guðjónsson.